



**143. fundur
íþróttaráðs
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,
fimmtudaginn 29. ágúst 2024 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Sverrir Kári Karlsson, Gunnar Gylfason, Hildur K Sveinbjarnardóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Thelma Bergmann Árnadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Óskar Hákonarson, Einar Örn Þorvarðarson, Matthías Hjartarson, Gunnar Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar

Dagskrá:

Almenn mál

1. 24061530 - Hörðuvellir- Tröllakór. Breytt skipulagsmörk.

Á fundinn mættu Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi og Elín Mjöll Lárusdóttir, arkitekt á skipulagsdeild og kynntu breytt skipulagsmörk við Hörðuvelli - Tröllakór.

Íþróttaráð þakkar Auði og Elínu Mjöll fyrir góða kynningu.

Íþróttaráð leggur áherslu á að tryggja þurfi gott aðgengi að hleðsludyrum á suðurhluta Kórsins svo að stærri ökutæki geti athafnað sig þar þegar stórir viðburðir eru haldnir í mannvirkinu. Með breyttu deiliskipulagi takmarkast möguleikar á að komast að og frá hleðsludyrum.

2. 24082115 - Fjármál íþróttafélaga

Deildarstjóri íþróttadeildar lagði fram og kynnti yfirlit yfir fjárhagsstöðu íþróttafélaga í Kópavogi á tímabilinu 2014 - 2023.

Lagt fram

Aðsend erindi

3. 24071910 - Ósk um merkingu og nafngift á Kórnum í auglýsingarskyni

Lagt fram erindi frá Aðalstjórn HK, dags. 15. júlí 2024, þar sem óskað er samþykkis á staðsetningum og stærð auglýsinga vegna mögulegar nafngiftar íþróttamannvirkja í Kórnum. Vísað er til reglna íþróttaráðs um auglýsingar í íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar.

Íþróttaráð vísar í umsögn deildarstjóra eignadeildar og felur deildarstjóra íþróttadeildar að svara erindinu.

4. 2408347 - Ísbjörninn - Ósk um styrk vegna þátttöku í Meistaradeild Evrópu í futsal.

Lagt fram erindi frá Knattspyrnufélaginu Ísbirninum, dags. 7. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir styrk frá íþróttaráði vegna þátttöku félagsins í Meistaradeild



Evrópu í Futsal. En styrkir frá UEFA og KSÍ ná ekki að dekkja kostnað félagsins við þátttöku.

Íþróttaráð getur ekki orðið við erindinu.

5. 2408217 - HK - Umsókn um Krónumót 2024 og janúarmót 2025 í Kórnum

Lagt fram erindi frá Aðalstjórn HK dags. 1. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir að fá afnot af Kórnum helgina 9.-10. nóvember, 16.-17. nóvember 2024 og 18.-19. janúar 2025 undir knattspyrnumót yngri flokka.

Íþróttaráð samþykkir erindið.

Önnur mál

6. 24032166 - Framkvæmdir og viðhald íþróttamannvirkja 2024

Deildarstjóri íþróttadeildar fór yfir stöðu framkvæmda og viðhaldsverkefna í íþróttamannvirkjum fyrir árið 2024.

Lagt fram

7. 24082116 - Akstur Frístundarútu veturinn 2024-2025

Deildarstjóri íþróttadeildar lagði fram minnisblað og fór yfir akstur Frístundarútu veturinn 2024-2025 og þær breytingar sem orðið hafa.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____